



Stjórnarfundur þann 15 desember kl 13:15
Fundurinn var haldinn í gegnum Teams fjarfund

Mættir voru

Jón Páll Hreinsson formaður stjórnar
Birgir Gunnarsson
Jóhanna Ösp Einarsdóttir
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
Ólafur Þór Ólafsson
Sif Huld Albertsdsóttir framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð stjórnar
Stjórn samþykkir fundargerð
2. Fundargerð verkefnahóps
Lögð fram til kynningar
3. Erindi Ísafjarðarbæjar
Jón Páll Hreinsson, formaður, leggur fram erindi Ísafjarðarbæjar og Birgir Gunnarsson, Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, fer yfir málið.
Stjórn leggur til að viðaukinn verði samþykktur en leggur einnig áherslu á að þetta mál kom upp áður en verklagsreglur BsVest voru samþykktar og mikilvægt að í framtíðinni verði farið eftir verkferlum sem koma fram í reglunum.
FRamkvæmdastjóra falið að kynna minnisblaðið fyrir jöfnunarsjóð og leita leiða til að fá fjármagns vegna þessa.
4. Erindi Ísafjarðarbæjar
Framkvæmdastjóri leggur til að greiða kostnað vegna þessa og bókar að gera viðauka vegna þessa.

Bókun stjórnar :

Með vísan til erindis Ísafjarðarbæjar telur stjórn BsVest mikilvægt að leggja fram bókun þess efnis að um ójöfnuð milli sveitarfélaga og einstaklinga á landsbyggðinni væri ólíðandi þegar kemur að greiðslu ferðakostnaðar innanlands.

Fatlaðir einstaklingar sem þurfa sólarhringsþjónustu eiga eins og staðan er í dag, ekki rétt á að fá greiddan fylgdarmann nema fylgdarmaðurinn fylgi einstaklingnum í ferðinni allri, starfsfólk í búsetu getur verið mislengi frá heimabyggð sinni og fjölskyldu þannig að oft þarf að bregðast við með að senda starfsfólk til Reykjavíkur til að taka við vakt, Sjúkratryggingar Íslands greiða ekki þann kostnað. Sá kostnaður fellur á einstaklinginn sjálfan eða sveitarfélagið.



Í reglugerð varðandi ferðakostnað segir í 3. gr 3. mgr., Sjúkratryggingar Íslands greiði fargjald fylgdarmanns samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ef sjúkratryggður er yngri en 18 ára eða ef hann er ekki fær um að ferðast á eigin vegum.

Einstaklingar með fötlun af landabyggðinni sitja ekki við sama borð og aðrir fatlaðir einstaklingar sem búa nær höfuðborgarsvæðinu hvað þetta varðar og þessu þarf að breyta. Kostnaður vegna veikinda á ekki að varpa yfir á einstaklinginn eða sveitarfélagið, Sjúkratryggingar eru ætlaðar til að jafna aðstöðumun og gera öllum landsmönnum kleyft að fá þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.

5. Minnisblað vegna búsetu Strandabyggð 2021.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda kreditreikning á félagsþjónustusvæðið og einnig greiða út til sveitarfélaga sem veittu aukna þjónustu á móti þeirri sem hætti.

Sjá nánar í töflu hér að neðan.

	Apríl	Mái	júní	Júlí	Ágúst	Heildar
Félagsþjónusta Bolungarvíkur	315.616 kr.	282.200 kr.	253.567 kr.	253.567 kr.	268.356 kr.	1.373.307 kr.
Félagsþjónusta Vestur Barðastrandasýslu	10.699 kr.	9.566 kr.	8.596 kr.	8.596 kr.	9.097 kr.	46.553 kr.
Ísafjarðarbær	2.573.076 kr.	2.300.648 kr.	2.067.218 kr.	2.067.218 kr.	2.187.787 kr.	11.195.946 kr.
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	-2.899.391 kr.	-2.592.414 kr.	-2.329.381 kr.	-2.329.381 kr.	-2.465.240 kr.	-12.615.806 kr.
BsVest	- kr.	- kr.	- kr.	- kr.	- kr.	- kr.

6. Styrkur til náms, verkfæra og tækjakaupa.

Frestað til næsta fundar

7. Önnur mál

a. Fundur með verkefnahóp

i. 14 janúar fundur með verkefnahóp og stjórn.

Fundi slitið 14:00

Sif Huld Albertsdóttir